



Stefnuyfirlýsing Íþróttafélags Hattar um
fræðslu, forvarnir og vímuvarnir



Á stefnuskrá Hattar er að í öllu starfi sé unnið gegn því að fordómar, einelti, áreiti og ofbeldi og hvers kyns ójafnrétti þrífist innan félagsins. Íþróttafélagið Höttur vinnur eftir stefnuyfirlýsingum sínum er tengjast kynferðislegu áreiti og ofbeldi, jafnrétti kynja og kynþátta, gegn einelti og vinnur einnig eftir siðareglum og hegðunarviðmiðum.

Stjórnnum allra deilda innan Hattar ber að framfylgja þeim stefnum sem settar eru og taka þátt í þeim málum er taka á fræðslu og forvarnarmálum innan sinna deilda.

- Tekin er einörð afstaða gegn neyslu á áfengi, tóbaki, rafrettum og öðrum fíkniefnum.
- Allar deildir hafi að leiðarljósi að íþróttaiðkun fylgir alltaf uppeldisluti og skulu allir aðilar vera meðvitaðir um það í öllu starfi sínu. Íþróttmenning sé virt sem mikilvægur hluti samfélagslegra gilda.
- Öllum deildum ber skylda til að kynna og viðhalda þekkingu og meðvitund iðkenda, þjálfara og annars starfsfólks á stefnum félagsins. Einnig að fylgja eftir agabrotum og vinna eftir viðbragðsáætlun hvað það varðar sem og ofbeldis, eineltis, kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni.

Stuðlar að aukinni og almennari þátttöku ungs fólks í íþróttastarfi

- Vinna markvisst að því að fjölga iðkendum íþróttá meðal barna og unglinga, m.a. með því að auka fjölbreytni í iðkuninni og tryggja þannig að öll börn og unglingar fái tækifæri til að stunda íþróttir í samræmi við eigin þarfir, getu og áhuga.
- Nýta mannvirki og aðstöðu íþróttahreyfingarinnar til að festa íþróttastarf í sessi sem raunhæfan valkost til forvarna og skemmtunar fyrir unglinga.
- Halda opin hús í íþróttamannvirkjum eða efna til annars konar íþróttastarfs fyrir þessa aldurshópa þar sem meiri áhersla er lögð á að koma til móts við þarfir þeirra fyrir afþreyingu og skemmtun, en keppni og afrek.

Vinnur að aukinni þekkingu á skaðsemi fíkniefna og forvörnum innan aðildarfélaga

- Gefa út fræðsluefni um fíkniefni og forvarnir fyrir þjálfara og iðkendur og gera fræðslu um þessi málefni að föstum þætti í fræðslustarfi félagsins ásamt kynningum á stefnum félagsins. Aðalstjórn félagsins skal leggja fjármuni árlega í verkefni sem stuðla að þessu.
- Fela þjálfurum að fræða þá iðkendur sem þeir þjálfu um áhrif áfengis, rafrettna, tóbaks og fíkniefna og áhrif þeirra á heilbrigði og árangur í íþróttum.
- Hvetja deildir til þess að fjalla um fíkniefni og forvarnir í málsgögnum sínum og ritum.

Íþróttahreyfingin gegnir mikilvægu hlutverki í vímuvörnum. Rannsóknir á högum barna og ungmenna sýna að þeim ungmennum reiðir betur af og neyta síður vímuafna sem eru virk í íþróttastarfi. Einnig sýna rannsóknir að neysla vímuafna og tóbaks hafa mjög skaðleg áhrif á árangur í íþróttum. Félagið vill efla enn frekar vímuvarnargildi íþróttá með því að taka skýra afstöðu gegn neyslu í tengslum við íþróttir. Í þessari stefnuyfirlýsingu er talað um “vímuafnaneyslu” og er þá átt við neyslu tóbaks, rafrettna, áfengis og annarra vímuafna.



Félagið leggur áherslu á það að afreksfólk þess sé fyrirmyndir fyrir þau börn og unglunga sem æfa hjá félaginu og tekur á því þegar afreksfólk neytir vímuefna þegar það kemur fram fyrir hönd félagsins.

2. Neysla á tóbaki og vímuefnum

Félagið er andvíggt allri vímuefnaneyslu meðal iðkenda og annarra félagsmanna sem koma að íþróttastarfi á vegum félagsins. Öll neysla tóbaks, rafretta, áfengis og annarra vímuefna er bönnuð í tengslum við æfingar og keppni á vegum félagsins.

3. Viðbrögð félagsins við neyslu iðkenda

Félagið mun bregðast sérstaklega við allri neyslu tóbaks, rafretta, áfengis og annarra vímuefna iðkenda undir 18 ára aldri og foreldrar verða undantekningalaust upplýstir um slíka neyslu.

Þegar um sjálfráða einstaklinga er að ræða mun félagið bregðast við neyslu þeirra á ofangreindu þegar það hefur áhrif á ástundun, frammistöðu og ímynd félagsins.

Viðbrögð félagsins við brot á reglum þessum verða í formi tilmæla og ábendinga. Skili slík viðbrögð ekki árangri getur komið til tímabundins banns frá æfingum og/eða keppni. Viðbrögð félagsins munu samt ávallt mótast af vilja til að aðstoða iðkandann við að laga sig að reglum og að hann haldi áfram að starfa innan félagsins.

4. Hlutverk þjálfara

Þjálfarar skulu vinna eftir vímuvarnarstefnu félagsins, þar með talið að bregðast við vímuefnaneyslu iðkenda á viðeigandi hátt.

Félagið mun sjá þjálfurum fyrir fræðslu um áhrif vímuefnaneyslu á árangur í íþróttum sem þjálfarar síðan miðla áfram til iðkenda.

Þjálfarar skulu framfylgja stefnu félagsins varðandi samstarf við foreldra og aðra aðila sem sinna málefnum barna og unglunga.

Þjálfarar hvetji börn og unglunga sem stunda æfingar hjá félaginu til heilbrigðs lífennis og geti frætt þau um hollt mataræði.

5. Samstarf við foreldra

Félagið mun upplýsa foreldra um stefnu félagsins í vímuvörnum.

Félagið mun standa að góðu samstarfi við foreldra iðkenda með fræðslu um neikvæð áhrif tóbaks, rafretta, áfengis og annara vímuefna á árangur í íþróttum, auk fræðslu til foreldra um þjálfun og æskilegt mataræði.

6. Samstarf við aðra aðila sem sinna málefnum barna og unglunga



Félagið mun hafa náið samstarf við þá aðila sem sinna tómstundastarfi barna og unglunga í sveitarfélaginu.

Félagið mun hafa samstarf við fagaðila sem sinna börnum og unglungum, fá frá þeim fræðsluefni og hafa samráð við einstaklinga í áhættuhópi

Egilsstaðir, samþykkt á aðalfundi Hattar 14.02.2019